



Alþingi
Erindi nr. P 143/1343
komudagur 31.3.2014

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 31. mars 2014

1311096SA GB
Málalykill: 401

Efni: Varðar nefndarálit um þált. um skrásetningu kjörsóknar eftir fæðingarári, 62. mál.

Vísað er til nefndarálits stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar um tillögu til þingsályktunar um skrásetningu kjörsóknar eftir fæðingarári í kosningum á Íslandi frá vori 2014, þingskjal 696 -62. mál.

Samband íslenskra sveitarfélaga sendi ekki umsögn um þingsályktunartillöguna, einkum af þeirri ástæðu að upphafleg tillaga vísaði eingöngu til laga um kosningar til Alþingis.

Í meðförum nefndarinnar var gerð sú breyting að tillagan nær nú einnig til sveitarstjórnarkosninga og er henni ætlað að koma til framkvæmda við sveitarstjórnarkosningar sem fram fara 31. maí nk. Sambandið gerir eðlilega athugasemd við að þessi breyting skuli hafa verið gerð án þess að fulltrúar sambandsins væru kallaðir fyrir nefndina. Vísast um það til 98. gr. sveitarstjórnarlaga, þar sem fram kemur að sambandið er sameiginlegur málsvari sveitarfélaga í landinu.

Möguleg kostnaðaráhrif

Í umsögnum um málið kemur fram að á meðan kjörskrár eru enn á pappírformi er miklum vandkvæðum bundið að beita rafrænum aðferðum við talningu eða gerð tölfræði upp úr kjörskrá. Ljóst er því, eins og fram kemur í nefndarálitinu, að vinna kjörstjórna eykst mikið þótt nefndin meti það svo að ávinningur af samþykkt tillögunnar sé einnig umtalsverður.

Af hálfu sambandsins er gerð alvarleg athugasemd við að engin greining liggur fyrir um ætlaðan kostnaðarauka við framkvæmd kosninga sem leiðir af tillögunni. Mikilvægt er að slíkt kostnaðarmat liggi fyrir, annars vegar um bein áhrif tillögunnar á sveitarfélög vegna sveitarstjórnarkosninga og hins vegar um þörf fyrir hækkun greiðslna innanríkisráðuneytisins til sveitarfélaga vegna annarra kosninga.

Í umsögn Þjóðskrár Íslands er m.a. bent á að þetta ut anumhald gæti leitt af sér lengri biðtíma við atkvæðagreiðslu á kjörstað. Einnig kemur fram í umsögn oddvita yfirkjörstjórnar Suðurkjördæmis að áætla megi að við vinnu kjörstjórnar bætist sem nemur einni klst. fyrir hver 50-200 atkvæði. Ef miðað er við þær forsendur og að um aðkeypta vinnu á mjög hóflegu tímagjaldi sé að ræða, getur grófur kostnaðarauki Reykjavíkurborgar vegna sveitarstjórnarkosninga því numið á bilinu 325-1.300 klst., eða á bilinu 1,5-6,5 milljónir króna. Heildarkostnaðarauki allra sveitarfélaga vegna þingsályktunarinnar gæti á sama hátt orðið á bilinu 4-17 milljónir króna vegna sveitarstjórnarkosninganna 2014.



Kostnaður yrði væntanlega litlu minni ef starfsmenn sveitarfélaga annast þá vinnu sem hér um ræðir en svigrúm til þess er að sjálfsögðu mismunandi eftir sveitarfélögum og ef vinna þarf yfirvinnu gæti kostnaður mögulega orðið umtalsvert hærri en hér er gert ráð fyrir. Þennan kostnaðarauka þyrftu sveitarfélögin að sjálfsögðu að fá bættan.

Vegna annarra kosninga mun sambandið að sjálfsögðu gera þá kröfu að framlag innanríkisráðuneytisins til sveitarfélaga verði hækkað sem nemur þessum kostnaðarauka. Ef miðað er við að á hverju fjögurra ára tímabili fari fram alþingiskosningar, forsetakosningar og tvær þjóðaratkvæðagreiðslur getur kostnaðarauki ríkissjóðs orðið á bilinu 16-64 milljónir króna á því tímabili. Hins vegar má að verulegu leyti forðast þennan kostnaðarauka ef tekin verður upp rafræn kjörskrá í öllum kosningum, eins og eðlilegt er að stefna á að gera, óháð því hvort vilji er til þess að taka upp rafrænar kosningar.

Tillaga um endurupptöku málsins í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd

Sambandið leggur til, með vísan til framangreindra athugasemda, að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd taki málið fyrir að nýju áður en þingsályktunartillagan verður tekin til síðari umræðu á Alþingi. Auk ábendinga um kostnaðarauka telur sambandið þörf á að nefndin fjalli nánar um hvaða svigrúm sveitarfélög og kjörstjórnir hafa til þess að vinna samantekt um kjörsókn eftir á, með hliðsjón af 83. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna.

Að áliti sambandsins eru það ekki vönduð vinnubrögð af hálfu Alþingis að samþykkja svo seint tillögu sem ætlað er að hafa bindandi gildi fyrir kjörstjórnir við samþykkt sveitarstjórnarkosninganna í vor. Þótt hér sé ekki um grundvallarbreytingu að ræða á framkvæmd kosninga veldur hún umtalsvert auknu álagi á kjörstjórnir, bæði á meðan atkvæðagreiðsla fer fram og við úrvinnslu upplýsinga eftir lokun kjörstaða.

Einnig leggur sambandið eindregið til að ákvæði um gildistöku tillögunnar verði breytt og að jafnhliða verði lögð á það áhersla að tryggja kjörstjórnnum heimildir til þess að nota rafræna kjörskrá við framkvæmd kosninga. Krafa um aukna upplýsingagjöf um kjörsókn komi þannig ekki til framkvæmda í sveitarstjórnarkosningum við óbreyttar aðstæður. Lengi hefur verið kallað eftir því af hálfu sveitarfélaga að kjörskráin verði rafræn og myndi þar með verða mun auðveldara fyrir kjörstjórnir og Hagstofuna að vinna áreiðanlegar upplýsingar um kosningaþátttöku eftir aldri, þjóðerni og fleiri þáttum sem taldir eru hafa upplýsinga- og rannsóknargildi.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri